

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Fjölmenningarlegt dagatal

Greinargerð

Guðrún Sólveig Ágústsdóttir
Íris Dögg Jóhannesdóttir
Vilborg Guðný Valgeirsdóttir



Kennaraháskóli Íslands
Leikskólabraut
Júní 2007

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Fjömenningarlegt dagatal

Greinargerð

Guðrún Sólveig Ágústsdóttir
260171-5859

Íris Dögg Jóhannesdóttir
071175-5969

Vilborg Guðný Valgeirsdóttir
290373-5659

Kennaraháskóli Íslands
Leikskólabraut
Júní 2007

Ágrip

Þetta er lokaverkefni við Kennaraháskóla Íslands vorið 2007.

Lokaverkefnið er unnið af Guðrúnu Sólveigu Ágústsdóttur, Írisi Dögg Jóhannesdóttur og Vilborgu Guðnýju Valgeirsdóttur.

Verkefnið er fjölmennningarlegt dagatal og því fylgir handbók og greinagerð.

Ástæða þess að þetta viðfangsefni varð fyrir valinu var áhugi á að gera nokkuð sem ekki hafði verið gert áður.

Dagatöl eru notuð í flestum ef ekki öllum menningarsamfélögum og er þess vegna eitthvað sem tengir okkur saman og skiptir þá ekki máli hvaðan við komum eða hver við erum.

Ákveðið var að hafa á dagatalinu ellefu fjölmennustu innflytjendaþjóðirnar hérlandis ásamt Íslandi og tileinka hverju landi einn mánuð.

Byrjað var á að athuga hjá Hagstofunni hverjar voru fjölmennustu innflytjendaþjóðirnar á Íslandi en þær voru: Filíseyjar, Litháen, Bretland, Thailand, Svíþjóð, Bandaríkin, Danmörk, Kína, Þýskaland, Pólland og Portúgal.

Leitað var heimilda um löndin tólf og ákveðið hvaða upplýsingar skyldu vera á dagatalinu. Þar sem dagatalið er aðallega fyrir börn varð fyrir valinu efni sem höfðar til þeirra s.s. fáni, landfræðileg staðsetning, gjaldmiðill, matarvenjur, íþróttaiðkun, barnaefni, stjórnarfar, höfuðborg, trúarbrögð og þjóðhátíðardagur. Til að ýta undir áhuga barnanna á dagatalinu voru settar inn myndir af fánum og skjaldarmerkjum þjóðanna auk annarra mynda sem tengjast löndunum á einn eða annan hátt.

Dagatalinu fylgir handbók sem ætluð er kennurum en í henni eru viðbótarupplýsingar um löndin á dagatalinu auk upplýsinga um fjölmennningarlega kennslu og þær aðferðir sem gagnlegar eru þegar fjallað er

um fjölmenningu og landafræði. Í handbókinni eru einnig leikir sem tengjast fjölmenningu.

Dagatalið er því hugsað bæði sem fróðleikur og skemmtun og er ætlað að hvetja og ýta undir áhuga barna og kennara á að kynnast ólíkum þjóðum, siðum þeirra, venjum og menningu ásamt því að auka umburðarlyndi og skilning gagnvart þeim ólíku þjóðum sem byggja Ísland. Með dagatalinu og handbókinni höfum við safnað saman mörgum gagnlegum upplýsingum á einn stað sem auðveldar kennurum að kynna sér efnið og fræða börnin um aðrar þjóðir.

2. Efnisyfirlit

2. Efnisyfirlit	5
3. Inngangur.....	6
4. Fjölmennningarleg kennsla	9
5. Hvers vegna er fjölmennningarleg kennsla nauðsynleg?	14
6. Hvernig nota má dagatalið og handbókina í fjölmennningarlegu starfi með börnum.....	18
7. Lokaorð	20
8. Heimildir	22
9. Vefslóðir.....	24

3. Inngangur

Ef þig langar til að fræðast um tólf fjölmennustu þjóðirnar sem byggja Ísland er fjölmenningarlegt dagatal og handbók góð leið til þess. Fjölmenningarlegt dagatal og handbók er lokaverkefni okkar við Kennaraháskóla Íslands vorið 2007. Dagatalið og handbókin eru til þess gerð að auka við fróðleik barna og fullorðinna um þær tólf fjölmennustu þjóðir sem búa á Íslandi og auka þannig skilning þeirra á því að það eru fleiri en Íslendingar sem búa á Íslandi. Þetta er bæði fræðslu- og skemmtiefni. Markmiðið er að vekja áhuga fólks á fjölmenningu.

Á síðustu árum hafa fólksflutningar milli landa og landsvæða aukist verulega. Ísland er alltaf að verða fjölmenningarlegra samfélag. Menningarlegur margbreytileiki eða fjölmennning vísar ekki aðeins til fólks af ólíkum kynþætti eða þjóðerni heldur einnig til annarra félagslegra og menningarlegra þátta sem móta líf fólks, svo sem stéttar, fötlunar, aldurs, kynferðis eða trúar (Elsa Sigríður Jónsdóttir 2000:95).

Vegna tíðari fólksflutninga til landsins hefur umræðan um fjölmenningu aukist og skiptar skoðanir eru um hvort samfélagið sé tilbúið að taka á móti þessum ólíku menningarþjóðum. Í kjölfar breyttra aðstæðna og aukinna samgangna hafa fólksflutningar milli landa og landsvæða aukist verulega. Ísland er ekki undanskilið þeim breytingum og hér búa ólíkir menningarhópar sem hafa sett mark sitt á íslenskt samfélag.

Margt gott hefur áunnist í fjölmenningarlegu starfi á síðastliðnum árum og með verkefninu okkar, sem er Fjölmenningarlegt dagatal ásamt handbók, erum við að leggja okkar að mörkum til auka við efnivið tengdan fjölmenningu.

Markmiðið með dagatalinu og handbókinni er að kynna fyrir kennurum og börnum hverjar eru fjölmennustu innflytjendahljóðirnar á Íslandi og sýna þar með fram á hversu fjölbreytt samfélag Ísland er.

Grunnupplýsingar um löndin, eins og íbúafjöldi, höfuðborg, tungumál, trúarbrögð, matarvenjur og gjaldmiðill er meðal þess sem má finna á dagatalinu og í handbókinni. Með því að skoða hvert land fyrir sig og lesa sér til um hljóðirnar má sjá að þær eiga margt sameiginlegt þrátt fyrir að vera ólíkar. Það ýtir undir áhuga á að kynnast öðrum hljóðum, siðum þeirra og menningu, tungumáli og matarvenjum svo fátt eitt sé nefnt. Oft er það vanþekking og hið óþekkta sem ýtir undir fordóma, og með dagatalinu og handbókinni er ætlunin að auka við þekkingu barnanna og reyna þannig að draga úr fordómum og vanþekkingu en ýta undir umburðarlyndi, virðingu og skilning á annarri og ólíkri menningu. Það er gert með því að hafa grunnupplýsingarnar um löndin tólf aðgengilegar og áhugaverðar þannig að þær höfði til barna og ýti undir áhuga þeirra á að kynnast ólíkum hljóðum. Börn sem fá fjölmenningarlega fræðslu á yngri árum eru líklegri til að vera víðsýnni og umburðarlyndari gagnvart því sem er ólíkt því sem þau eiga að venjast.

Með dagatalinu og handbókinni er einnig verið að auka við fjölmenningarlegan efnivið og koma að ýmsum fróðleik um hljóðirnar tólf á áhugaverðan og aðgengilegan hátt svo þær höfði til barna.

Á dagatalinu og í handbókinni er því fjallað um Ísland og ellefu fjölmennustu innflytjendahljóðirnar á Íslandi samkvæmt tölum Hagstofunnar þann 16. febrúar 2007(Hagstofan.is).

Löndin eru eftirfarandi: Filipseyjar, Litháen, Bretland, Thailand, Svíþjóð, Bandaríkin, Danmörk, Kína, Þýskaland, Pólland og Portúgal.

Á dagatalinu er hverju landi tileinkaður einn mánuður og er löndunum raðað handahófskennt á mánuðina. Þar má nálgast grunnupplýsingar um landið, eins

og hver er landfræðileg staðsetning þess, stjórnarfar, fáni, tungumál, gjaldmiðill og trúarbrögð. Einnig má þar finna fróðleik sem börn gætu haft gaman af eins og matarvenjur þjóðanna, íþróttaiðkun, barnaefni eða teiknimyndapersónur frá tilteknu landi. Þá eru mánaðarheiti á tungumáli viðkomandi lands og lagið Meistari Jakob er þar einnig á öllum tungumálunum.

Því má sjá að dagatalið inniheldur bæði fróðleik og skemmtiefni, jafnt fyrir börn sem fullorðna.

Handbókin sem fylgir dagatalinu er ætluð kennurum en í henni má finna viðbótarupplýsingar um löndin tólf á dagatalinu. Þar má einnig finna upplýsingar um fjölmenningslegu kennslu og aðferðir sem gagnlegar eru þegar fjallað er um fjölmenningu og landafræði. Einnig eru í handbókinni leikir tengdir fjölmenningu, en þeir ýta undir samvinnu, styrkja sjálfsmynd og sýna börnum fram á fjölbreytileika mannlífsins.

Verkefnið er valið vegna áhuga á fjölmenningslegu starfi með börnum. Kveikjan að þessari hugmynd var í fyrsta lagi valnámskeið sem við sátum við Kennaraháskóla Íslands þar sem fjallað var um ólík trúarbrögð og höfum við haft áhuga á að kynna okkur það efni frekar. Þetta valnámskeið var Börn, trúarbrögð og siðfræði. Við sátum einnig námskeiðið Leikskóli fyrir alla en þar er m.a. fjallað um hvernig komið skal til móts við börn af erlendum uppruna og hvernig skuli unnið að því að kenna börnum að við erum ekki öll eins en engu að síður séum við öll jafn mikilvæg, en þessi hugsun er nauðsynleg fyrir fjölmenningslegt starf. Námskeiðið Menning og samfélag var einnig góður grunnur en þar var mikið af efni tengt fjölmenningu og bent á hvaða leiðir hægt er að fara þegar unnið er fjölmenningslegt starf. Öll þessi námskeið auk umfjöllunar um stöðu erlendra barna á Íslandi gerði það að verkum að áhugi okkar á efninu varð sífellt meiri.

Þegar við höfðum ákveðið að fjölmenningsleg yrði viðfangsefnið í okkar lokaverkefnið langaði okkur til að gera eitthvað sem ekki hafði verið gert áður.

Niðurstaðan varð sú að við ákváðum að gera fjölmennningarlegt dagatal sem ætlað er að vera með aðgengilegum upplýsingum og auðvelt í notkun. Allir kennarar eiga að geta gengið að dagatalinu og notað það til að upplýsa börnin um ólík lönd, tungumál, matarvenjur og annað sem er líkt/ólíkt með löndum heimsins. Þá eru flestir leikskólar vel búnir af bókum sem fjalla um lönd heimsins og dagatalið er því einnig hugsað sem kveikja að ítarlegri umfjöllun um önnur lönd.

Dagatalið ætti að vera þar sem börnin geta auðveldlega séð það og skoðað því það á að ýta undir áhuga þeirra og forvitni á að vita meira um önnur lönd. Einnig er mikilvægt að auka skilning þeirra á menningarlegum margbreytileika s.s. trú, tungumáli, matarvenjum, hátíðum og siðum. Verkefnið var unnið undir leiðsögn Höllu Jónsdóttur aðjúnkts í uppeldissögu og siðfræði. Við kunnum henni bestu þakkir fyrir leiðsögnina. Einnig viljum við þakka þeim sem hafa á einn eða annan hátt aðstoðað okkur við gerð þessa verkefnis.

4. Fjölmennningarleg kennsla

Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að Ísland sé þátttakandi í fjölbreytilegu samfélagi þjóða, að áhugi barna á öðrum þjóðum vakni snemma og þann áhuga beri að efla. Börn þurfa að læra að hver þjóð hefur sín sérkenni og sína menningu sem okkur ber að virða og meta. Leikskólanum ber að rækta virðingu barnanna fyrir öðrum, hver sem uppruni þeirra, lífsviðhorf, tunga eða trúarbrögð eru (Aðalnámskrá leikskóla 1999:29). Með dagatalinu og handbókinni erum við að sýna fram á séreinkenni þjóðanna, ólíka menningu þeirra og þar með stuðlum við að aukinni víðsýni og meiri skilningi barnanna á ólíkri menningu.

Í fjölmennningarlegum samfélögum þurfa ólíkir menningarhópar að búa saman í sátt og samlyndi og virða og umbera menningu hvors annars.

Fjölmenningarleg kennsla er hugtak sem notað hefur verið um þá uppeldisstefnu eða þær uppeldisáherslur sem sýnt hafa fram á ákveðnar lausnir á þeim vandamálum sem geta skapast í fjölmenningarlegum samfélögum. Margar skilgreiningar hafa verið settar fram um hvað fjölmenningarleg kennsla er og hafa þær flestar sameiginlegan kjarna, að þær séu svar við því að fólk með ólíkan uppruna og ólíkan bakgrunn hafi sameiginlega búsetu. Í þessu sambandi má nefna að ekki reyndist erfitt að finna ellefu fjölmennustu innflytjendabjórðirnar á Íslandi sem fjallað er um í dagatalinu.

Í fjölmenningarlegri kennslu er mikilvægt að beita aðferðum sem gera nemendum það ljóst að menningarþróun í heiminum geti aðeins átt sér stað ef það sem þekkt er í menningu innfæddra og það sem er ókunnugt úr menningu þeirra sem flust hafa til annarra landa, mætist. Með því verður til ákveðin samhljómun en þó þannig að hver þjóð haldi sínum menningareinkennum. Leggja skal sérstaka áherslu á að leiðrétta þær hugmyndir sem fyrir eru um ólíka menningarheima. Sem dæmi um þetta er sú hugmynd að menning vesturlandabúa sé mikilsmetnari og á allan hátt æðri, þróaðri og mikilvægari en menning annarra. Þetta eru ákveðnir menningarfordómar og hægt að vinna gegn þeim með fræðslu um önnur menningarsvæði. Í handbókinni er að finna ýmsan fróðleik um löndin tólf og menningu þeirra og með því að kynna fyrir börnunum það efni sem er að finna í dagatalinu og handbókinni er börnunum gefið tækifæri til að kynnast líkum og ólíkum þáttum úr mismunandi menningarheimum.

Fjölmenningarleg kennsla getur styrkt börn gegn fordómafullum áhrifum úr umhverfinu, gefið einstaklingnum tækifæri til að auka víðsýni sína, æfa samskipti og samvinnu, læra að takast á við fjölbreytileikann í umhverfi sínu, rannsaka fordóma, eðli þeirra og birtingarmyndir og skoða eigin viðhorf í því ljósi. Mikilvægt að taka fram að fjölmenningarleg kennsla er áherslubreyting í starfi og henni er hægt að koma allsstaðar inn í starfið, þótt ekki séu börn af erlendu bergi á deildinni/ í leikskólanum því hún stuðlar að því að gera alla

meðlimi samfélagsins fjölmennarlega hæfa (Guðrún Pétursdóttir 2003:11-13). Fjölmennarleg kennsla er ávinningur fyrir alla.

Fjölmennarleg kennsla er vænleg leið til að styrkja sjálfið og sjálfsmyndina. Börn og fullorðnir verða að vita og finna að kynþáttabakgrunnur þeirra sé ekki aðeins viðurkenndur heldur einnig virtur og metinn. Það þarf að styrkja börnin í að líta á sig bæði sem einstaklinga og sem hluta af hópi, ýta undir gagnrýna hugsun gagnvart stöðluðum fyrirmyndum og fordómum og kenna þeim að verja sig og aðra sem verða fyrir misrétti. Í handbókinni er að finna leiki sem stuðla að samvinnu og styrkja sjálfsmyndina, t.d. Keðjuleikurinn. Börn með sterka sjálfsmynd vita hvar geta þeirra og styrkur liggur og þau eiga auðveldara með að tjá tilfinningar sínar.

Það er mikilvægt að hafa í huga að öll höfum við ólíkan menningarlegan bakgrunn, hvort sem við erum íslensk eða af erlendu bergi brotin. Ólík menning er í umhverfi hvers og eins, hvort sem það er fjölskyldan, vinirnir eða skólinn. Menning stendur aldrei í stað, hún er í stöðugri þróun og undir áhrifum frá öðrum menningarstraumum. Því er mikilvægt í allri kennslu að einblína á það jákvæða gagnvart annarri menningu. Við stjórnnum því ekki inn í hvaða menningu við fæðumst. Menningarlegur bakgrunnur leikur mikilvægt hlutverk í uppeldi barna og hefur mikil áhrif á það hvernig þau vaxa og dafna. Hver menningarheimur hefur eigin sýn á hvernig annast skuli börn. Þarna geta ólík gildi haft mikil áhrif. Það er þó mikilvægt að muna að í hverri menningu er einhvers konar undirmenning og menningarhópar sem hafa sína ólíku eiginleika eins og fatnað og tungumál. Það eru nokkrir þættir sem geta verið ólíkir á milli menninga (Millam 2002:53).

Þetta eru t.d:

- Fjölskyldustærð og fjölskyldusamsetning
- Tungumál
- Mataræði, matur og matarhefðir

- Fatnaður
- Hárhirða
- Agi
- Hefðir og siðir
- Trúarbrögð
- Væntingar til barna
- Umönnun barna
- Þroski barna
- Tónlist

Það er mikilvægt fyrir þá sem starfa með börnum að gera sér grein fyrir því að það er munur á uppeldi barna með tilliti til menningar. Mikilvægt er að hafa í huga að engin uppeldisaðferð sem tengist menningu fólks er annarri betri en ávallt skal hafa í huga að barnið hljóti ekki skaða af þeim aðferðum sem beitt er. Kennarar þurfa að meta og virða menningarlegan mun á barnauppeldi. Það er mikilvægt fyrir börn og foreldra þeirra að finna að menningarlegur bakgrunnur þeirra sé þekktur, virtur og metinn (Millam 2002:55-57).

Með því að draga fram það sem er líkt í menningu barnanna er þeim sýnt fram á að þrátt fyrir að þau séu af ólíku þjóðerni og ólíkri menningu eiga þau margt sameiginlegt. Dæmi um þetta eru trúarbrögð en margar leiðir eru færar til að fjalla um trú og menningu í leikskólum t.d. að fræða börn um sameiginleg mannleg gildi eða siðferði og sleppa annarri trúarbragðafræðslu. Með því er hægt að koma á nokkurs konar hlutleysi hjá börnunum, fræða þau um ólík trúarbrögð og menningu á fjölbreyttan hátt og fjalla um hefðir og hátíðir ýmissa trúarbragða og leyfa þeim að taka þátt. Áhugavert er að segja börnunum sögur af ýmsum hátíðum annarra trúarbragða sambærilegum við fæðingu krists (Hanna Ragnarsdóttir 2002:4).

Í handbókinni sem fylgir dagatalinu er að finna upplýsingar um trúarbrögð, hvað þau eiga sameiginlegt og hvað skilur þau að. Fólk iðkar trú sína á ólíkan

hátt, það verður að kenna börnunum að það sé réttur hvers og eins að iðka trú sína á þann hátt sem hann kýs. Í grein eftir Stabell og Kulø kemur fram að þegar fólk flytur á milli landa, frá einni menningu til annarrar geta börnin átt í vanda. Skoðum dæmi þar sem mikill munur er á menningu landanna sem flutt er á milli. Börnin fara í skóla eins og lög gera ráð fyrir, það þýðir að þau þurfa að flytja frá einni heimsmynd og raunveruleika heima fyrir, til allt annarrar heimsmyndar og raunveruleika á leikskólunum. Að þessu þarf að huga þegar tekið er á móti börnum frá öðrum menningarheimum (Stabell-Kulø 1998:30-31).

Trúarbrögð og menning eru samofin og vafasamt getur verið að reyna að aðskilja þessi tvö hugtök. Trúin er hluti af einstaklingnum og hann getur iðkað trú sína á marga vegu og því er mikilvægt í kennslu ungra barna að fræða þau um þann menningarlega og trúarlega margbreytileika í samfélaginu þar sem þau búa. Við erum jafn ólík og við erum mörg, engir tveir eru eins og einstaklingarnir iðka sína trú á ólíkan hátt (Stabell-Kulø 1998:22).

Í íslensku samfélagi er kristin trú sú algengasta en engu að síður eru fleiri trúarbrögð iðkuð hér á landi. Það er mikilvægt að muna að hver og einn er einstakur og því megum við ekki draga ályktanir um hvað börn í okkar umsjá, foreldrar þeirra eða jafnvel vinnufélagar okkar trúa á. Til að komast hjá misskilningi er best að spyrja viðkomandi (foreldri barns í okkar umsjá/vinnufélaga) hreint út en þó á varfærinn hátt um sína trú. Með þessu erum við að viðurkenna gildi trúarlegs bakgrunns fólks.

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það eru ekki allir sem tilheyra einhverjum trúarhópi. Fólk getur verið trúlaust eða efasemdarmenn. Í þessu sambandi er aftur mikilvægt að muna að hver og einn er einstakur og því getum við ekki dregið ályktanir um þá sem aðhyllast annað hvort (Millam 2002:60).

Börn þekkja og meta ólíkan hörundslit og þessar skoðanir þeirra geta endurspeglað kynþáttahatur og mismunun. Þegar hvítir eiga í hlut leiða kynþáttafordómar oft til hugmynda um yfirburði og réttindi (Derman-Sparks & Ramsey 2006:22).

Kynþáttahatur er til staðar í samfélagi okkar og það getur verið mjög og niðurlægjandi fyrir þann sem fyrir því verður. Kennarar hafa þeirri skyldu að gegna að bera kennsl á slíkt og vinna gegn því. Kynþáttahatur á sér stað þegar einn kynþáttur er talinn æðri öðrum kynþáttum. Börn af blönduðum kynþáttum eiga foreldra af sitthvorum kynþætti. Fyrir sum þeirra er þetta mjög jákvætt en önnur eiga erfitt með að finna sig og fá jafnvel misvísandi skilaboð um hver þau eru. Þetta getur þýtt að þessi börn eiga erfitt með að þróa með sér sjálfsvitund og hátt sjálfsmat. Því er mikilvægt að börn fái jákvæð skilaboð um kynþátt sinn, bæði heima og í skólanum. Í samfélagi okkar fyrirfinnast hinir ýmsu kynþættir, fjöldi trúarbragða og alls konar menning og kennarar þurfa að gera sér grein fyrir því og meta sínar eigin tilfinningar og skoðanir gagnvart þessum þáttum (Millam 2002:49-52).

Fyrir börn úr ólíkum menningarheimum er mikilvægt að menningu þeirra sé gerð skil til að þau öðlist betri sjálfsvitund og herra sjálfsmat. Dagatalið og handbókin stuðla að því að gera menningu barnanna sýnilegri.

5. Hvers vegna er fjölmennningarleg kennsla nauðsynleg?

Oft er talað um að kynþáttahatur aukist í beinu sambandi við félagsleg vandamál innan samfélagsins. Þetta geta verið vandamál eins og fjárhagsvandi, skortur á húsnæði, atvinnuleysi og fleira. Ef að slíkar aðstæður skapast þá getur það kallað fram kynþáttahatur og þær tilfinningar að það vanti einhvern til að skella skuldinni á, þ.e. að finna einhvern sökudólg í málinu.

Fordómar og ranghugmyndir barna geta mótast á unga aldri og á aldrinum þriggja til sex ára hafa flest börn þróað með sér djúpan skilning á sjálfum sér og umhverfinu. Þar skiptir miklu máli hvernig viðhorf fullorðinna í kringum þau eru því fordómar fullorðinna skila sér fljótt til ungra barna og geta fest þar rætur. Því er mikilvægt fyrir þá sem starfa með börnum að vera meðvitaðir um eigin viðhorf og skoðanir. Segja má að menntun án fordóma sé ekki markmið í sjálfu sér heldur nýtt sjónarhorn á lífið og tilveruna. Menntun án fordóma snýst um að vera meðvitaður, öðlast þekkingu, hæfni, öryggi, þolinmæði og ákveðni til að hindra myndun og þróun fordóma og kynþáttahyggju (Hanna Ragnarsdóttir 2002:55).

Í fjölmennningarlegu samfélagi verður hver og einn þjóðfélagsþegn að læra að umgangast þá ókunnugu með ólíkan menningarlegan bakgrunn þeirra í huga. Hann verður einnig að gera sér grein fyrir eigin ótta og óöryggi. Ólíkir hópar fólks verða að læra að lifa saman á grundvelli jafnréttis og samvinnu. Við verðum að viðurkenna sérkenni hvers og eins og það þarf einnig að vera gagnkvæmt. Við verðum að líta á menningarlega fjölbreytni sem uppörvun og auð sem okkur ber að nýta. Fjölmennningarleg kennsla leggur grunninn að skynsamlegu sambýli milli innfæddra og „innfluttra”. Því fyrr sem fjölmennningarleg kennsla hefst þeim mun meiri líkur eru að árangur náist. Gera þarf einstaklinginn næmari fyrir fjölmennningarlegu umhverfi og að hann öðlist færni til að geta séð raunveruleikann út frá sjónarhorni annarrar menningar. Fyrst og fremst verðum við þó að horfast í augu við okkar eigin menningu, verða meðvituð um hana og auka þekkingu okkar á henni (Guðrún Pétursdóttir 1999:44-47).

Á meðan börnin læra um umhverfi sitt og heiminn í kringum sig taka þau upp bæði jákvæð og neikvæð viðhorf og hegðun. Hvort sem þau búa í litlu þorpi eða einungis meðal hvíts fólks og barna, í úthverfi eða inni í miðri borg, eru þau undir áhrifum kynþáttahaturs og annarri mismunun. Það skiptir ekki máli hvort

þau eigi í persónulegum tengslum við fólk af dökkum þjóðflokki eða blönduðum fjölskyldum, flóttafólki eða fjölskyldum þar sem annað hvort foreldri eða barn er fatlað. Við getum hjálpað þeim að komast yfir þennan misskilning eða staðalmynduðu hugsun sem þau hafa tekið upp (Brown 1998:11).

Umhverfi okkar hefur áhrif á sjálfsvitund okkar og það er ólíkt eftir aldri hver eða hvað í umhverfinu hefur mest áhrif á okkur. Þetta geta m.a. verið fjölskylda, vinir, skóli, trúarbrögð eða fjölmiðlar. Við erum stöðugt að vinna úr ólíkum skilaboðum sem berast til okkar úr ólíkum áttum, við vegum þau og metum bæði út frá stað og stund en einnig út frá því í hvaða stöðu við erum. Við erum í stöðugri glímu við að skilgreina okkur sjálf. Hver er ég og hver ert þú, hver erum við og hvað er það sem einkennir okkur. Allar þessar spurningar miðast við það að skýra stöðu okkar og hlutverk.

Áreiti getur haft misjöfn áhrif á viðkomandi. Eitt getur haft meiri áhrif en annað. Þegar allt þetta kemur saman gerir það okkur að þeim persónum sem við erum. Við tökum við þessum skilaboðum frá umhverfinu og á sama tíma sendum við frá okkur skilaboð til umhverfisins. Með því höfum við áhrif á umhverfi okkar og það sem á svo síðar eftir að hafa áhrif á okkur (Bragi Guðmundsson 2000:21-22).

Fimm megin lögmál fjölmennningarlegrar kennslu samkvæmt

Guðrúnu Pétursdóttur:

- 1. Samkennd:** Það að börn öðlist samkennd eykur hæfileika þeirra til að skilja aðra menningu og að geta sett sig í spor annarra svo sem flóttafólks. Fjölmennningarleg kennsla er æfing í samkennd. Börn sem hafa öðlast samkennd eru næmari gagnvart fordómum, mismunun og óréttlæti, sama hvernig það birtist. Það að efla samkennd barnanna örvar víðsýni þeirra og hæfni til að hugsa um og íhuga vandamál annarra, ólíka menningu, útlit, trúarbrögð og hegðun. Í stuttu máli þýðir þetta að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum, æfa þau í umgengni við aðra sem eru ólíkir þeim og kenna þeim umburðarlyndi gagnvart ólíkri menningu.
- 2. Samstaða:** Mikilvægt er að barnið fái kennslu í því hversu mikilvægt er að taka upp málstað þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Kennsla í samstöðu vinnur gegn afskiptaleysi gagnvart minnihlutahópum og örvar nemendur til að taka þátt í að skapa öllum þegnum landsins jafnrétti, sama úr hvaða þjóðfélagshópi þeir koma.
- 3. Virðing fyrir annarri menningu:** Áhersla skal lögð á að viðurkenna mismunandi menningareinkenni og virðingu fyrir því að við getum verið ólík í útliti, hagað okkur á ólíkan hátt en að það þýðir ekki að við skiptum minna máli. Með því að kenna börnum að bera virðingu fyrir annarri menningu stuðlum við að því að þau læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér sem einstaklingum með ákveðinn menningarlegan bakgrunn og tilfinningu og skilning á rétti annarra í samfélaginu til sömu virðingar.
- 4. Uppeldi gegn þjóðernishyggju:** Með því að kenna börnunum uppeldi gegn þjóðernishyggju leggjum við grunninn að því að börnin finni til

persónulegrar ábyrgðar á heiminum sem heild. Það er mikilvægt að reyna að hafa áhrif á þann hugsunarhátt að það sé aðeins til ein menning og einn uppruni. Þarna verður að finna meðalveginn milli þess að þykja vænt um ættjörðina og þess að upphefja eigin menningu á kostnað annarrar menningar.

- 5. Uppeldi gegn kynþáttahatri:** Með því að kenna börnum uppeldi gegn kynþáttahatri aukum við víðsýni þeirra og réttlætiskennd. Þarna er ætlast til að dregnir séu fram í sviðsljósið þeir kynþáttafordóma sem birtast í textum, hugmyndum og gjörðum, að þeir séu gerðir sýnilegir og að um þá sé fjallað, eins og hvaðan þeir koma og hvernig þeir urðu til. Þannig öðlast nemendur betri skilning á fyrirbærinu (Guðrún Pétursdóttir 1999:40-42).

Með því að kynna ólíkar þjóðir fyrir börnunum eins og gert er með dagatalinu og handbókinni er verið að ýta undir þekkingu barnanna og skilning á ólíkum menningarheimum. Það stuðlar að uppeldi gegn kynþáttahatri, eykur samkennd og samstöðu.

6. Hvernig nota má dagatalið og handbókina í fjölmennningarlegu starfi með börnum

Markmiðin með fjölmennningarlegu dagatali og handbók er að kynna aðrar þjóðir, menningu, trúarbrögð fyrir börnum og kennurum og að benda á það sem er líkt og ólíkt í fari fólks. Með því er stuðlað að því að gera nemendur hæfari til að takast á við fjölbreytileikann og læra að nýta hann á jákvæðan hátt. Það er góð leið til þess að auka víðsýni og umburðarlyndi barna að horfa ekki einungis til þess sem ólíkt er í menningu heldur frekar það sem við eigum sameiginlegt. Með þessu móti er hægt að sýna fram á að menningarlegur fjölbreytileiki er hluti af nútímasamfélagi.

Í dagatalinu og handbókinni er bæði reynt að draga fram það sem er líkt og ólíkt með þjóðunum. Gott dæmi um þetta eru gjaldmiðlar landanna. Þrátt fyrir að vera ólíkar nota sumar þjóðir sama gjaldmiðil sbr. Þýskaland og Portúgal en þar eru notaðar evrur. Í handbókinni er komið inn á hvað er líkt og ólíkt með trúarbrögðum þjóðanna. Í velflestum löndunum er fótbolti vinsælasta íþróttin og þær eiga allar sinn þjóðfána.

Á dagatalinu má einnig finna lagið Meistari Jakob á öllum tólf.

Dagatalið er hugsað sem skemmti-og fræðsluefni fyrir elstu árganga leikskóla og yngsta stig grunnskóla. Því er ætlað að ýta undir áhuga barna og kennara til að kynnst ólíkum löndum. Því er ætlað að kveikja áhuga kennara á að afla sér frekari upplýsinga um fjölmennustu innflytjendaþjóðir Íslands sem og önnur lönd. Með aukinni fræðslu, sem dagatalið á að veita, er ætlunin að draga úr fordómum. Fjölmenningarleg námskrá er því vænleg leið til að styrkja sjálfið og sjálfsmyndina. Að skapa umræður um ólíka kynþætti, bakgrunn og menningu þar sem allir eru af sama/svipuðum kynþætti er þýðingarmikið fyrir fjölmenningarlega vinnu í leik-og grunnskólum. Því er samt ekki ætlað að koma í staðinn fyrir né draga úr viðfangsefnum eða námskrám sem styðja lituð börn og fjölskyldur þeirra (Derman-Sparks & Ramsey 2006:22).

Það þarf að styrkja börnin í að líta á sig sjálf bæði sem einstaklinga og sem hluta af hópi, ýta undir gagnrýna hugsun gagnvart stöðluðum fyrirmyndum og fordómum og að kenna þeim að verja sig og aðra sem verða fyrir hugsanlegu misrétti.

7. Lokaorð

Dagatalið nýtist elstu börnum leikskólans, yngstu börnum grunnskólans, kennurum, foreldrum og öðrum sem hafa áhuga á fjölmenningu. Það er hugsað sem skemmtileg leið til að kynna helstu innflytjendabjóðirnar á Íslandi fyrir börnum og kennurum og þeim sem hafa áhuga á að kynnast fjölbreyttri menningu.

Með því að draga fram þætti frá hverju landi fyrir sig sést að líkir siðir og venjur, matarvenjur, íþróttir og margt annað tengir okkur saman þrátt fyrir að við komum úr ólíkum menningarheimum. Við töldum þörf á að auka við fjölmenningarlegan efnivið og fengum þá hugmyndina um að gera dagatal og tileinka ellefu fjölmennustu innflytjendabjóðunum á Ísland, einn mánuð hverju, auk Íslands. Algengum spurningum um löndin er svarað á dagatalinu og því auðvelt að nálgast grunnupplýsingar um löndin tólf. Dagatalið er því hugsað bæði sem skemmtun og fróðleikur.

Vinnan við verkefnið var skemmtileg, áhugaverð og krefjandi. Það var skemmtilegt að lesa sér til um ólíkar þjóðir, siði þeirra og venjur. Margar af upplýsingunum komu okkur á óvart og gerði það vinnuna við verkefnið áhugaverðari, sem dæmi má nefna að til er gata í Varsjá í Póllandi sem heitir eftir teiknimyndapersónunni Bangsímón, í Kína er haldin draugahátíð og að í Litháen er aðeins ein höfn.

Verkefnið var krefjandi að því leyti að erfitt var að takmarka efni til umfjöllunar. Mikil vinna fór í að setja dagatalið upp og koma upplýsingunum haganlega fyrir. Þá fór einnig mikil vinna í að gera handbókina sem fylgir dagatalinu því við höfðum mikið af heimildum og þurftum að takmarka okkur enn og aftur.

Að okkar mati er mikilvægt að börn fræðist um ólíkar þjóðir og ólíka menningu þar sem samfélög heimsins eru orðin svo margbrotin. Við höfum sannreynt það að börn hafa áhuga á því sem tengist öðrum þjóðum, þau hafa gaman af því að skoða fána, hnattlíkön og dýr svo eitthvað sé nefnt.

Við höfum einnig komist að því að staðalhugmyndir barna um fólk með dökkan hörundslit er að það sé fátækt. Við teljum þetta stafa af því að umhverfið og sér í lagi fjölmiðlar senda þessi skilaboð. Börnin sjá myndir af hungursneyð og stríði og fórnarlömbin eru oftast nær dökk á hörund.

Því er mikilvægt að leikföng, bækur og annar efniviður endurspegli fjölbreytileika mannlífsins. Með fjölmennigarlegri kennslu er reynt að sporna við þessum staðalhugmyndum og fordómum. Þannig öðlast börnin víðsýni, umburðarlyndi og læra að bera virðingu fyrir ólíkri menningu.

Kennarar sem vinna með börnum af ólíku þjóðerni verða að gera upp við sig hvaða tilfinningar þeir hafa gagnvart ólíkri menningu, siðum og venjum. Fjölmennigarleg kennsla er einnig mikilvæg þar sem ekkert barn er af erlendum uppruna vegna þess að þrátt fyrir að vera öll af sama þjóðerni eru börnin engu að síður ólík. Fjölskyldugerð, þroski, félagslegar aðstæður og uppruni eru allt þættir sem gera börnin að ólíkum einstaklingum. Það sem skiptir mestu er að öll börn öðlist skilning á og læri að bera virðingu fyrir þeim ólíku kynþáttum sem tilheyra samfélagi okkar.

8. Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Menntamálaráðuneytið. Reykjavík.

Andersen, John & Rasmussen, K. 1996. *Mer foreldresamarbeid*. Oslo: Pedagogisk Forum.

Berger, Eugenia H. 1995. *Parents as partners in education*. Upper Saddle River: Prentice-Hall, Inc.

Bragi Guðmundsson. 2000. *Lif í Eyjafirði*. (Grenndarfræði). Akureyri: Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.

Brown, Babette. 1998. *Unlearning Discrimination in Early Years*. London: Trentham Books.

Derman-Sparks, L & Ramsey, Patricia G. 2006. *What If All the Kids Are White?* New York: Teachers College Press. Columbia University.

Elsa Sigríður Jónsdóttir. 2000. *Tvítyngd leikskólabörn*. Uppeldi og menntun 9, 95-112

Guðrún Pétursdóttir. 1999. Fjölmeningarkennsla. *Í Fjölmeningar kennsla. Forvörn gegn kynþáttahatri og fordómum*. Endurskoðuð útgáfa. Reykjavík.

Guðrún Pétursdóttir. 2003. *Allir geta eitthvað, enginn getur allt*. *Fjölmeningarleg kennsla frá leikskóla til framhaldsskóla*. Bókaútgáfan Hólar.

- Hanna Ragnarsdóttir. 2002. Markvisst leikskólastarf í fjölmenningslegu samfélagi. *Uppeldi og menntun*. Tímarit KHÍ. 11. árg
- Hanna Ragnarsdóttir. 2002. „Persónubrúður. Notkun persónubrúða til að vinna gegn fordómum barna“. *Uppeldi*, 4, 16-18.
- Helm, Judy Harris, L. Katz. 2001. *Young Investigators, The project approach in the early years*. Teachers College Press, New York
- Millam, R. 2002. *Anti-discriminatory Practise. A guide for workers in childcare and education* (2. útgáfa). London: Cassell.
- Siraj- Blatchford, Iram & Clarke, P. 2000. *Parents as partners. Supporting Identity, Diversity and Language in Early Years*. Buckingham: Open University Press.
- Stabell-Kulö, A. 1998. *Barn og religioner i vår flerkulturelle hverdag*. 4 útg. Oslo: Kommuneforlaget.

9. Vefslóðir

Hagstofa Íslands. 2007.

<http://hagstofan.is/?PageID=624&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04104%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+r%EDkisfangslandi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+desember+2006+%2D+br%E1%F0abirg%F0at%F6lur%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=Fjoldi> (Sótt 16.febrúar 2007)

Helga Margrét Guðmundsdóttir. 2007. „Foreldrasamstarf er lífsleikni“.

Vefslóð:

http://www.heimilioskoli.is/heimilioskoli/upload/files/utgefud_efni/gr_einar_starfsfolks/foreldrasamstarf_er_lifsleikni.doc (Sótt 26.febrúar 2007).